

Miðvikudaginn 28. október 1970.

Nr. 84/1970. **M** (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

K og gagnsök (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1970. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunar-eiður í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 14. maí 1970. Krefst hún þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, B, er hún ól hinn 29. júní 1968, og að honum verði dæmt að greiða meðlag með telpunni frá fæðingu hennar til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald gagnáfrýjanda árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Loks krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa, og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, staðfestast málskostnaðarákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, greiði hún aðaláfrýjanda kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr

rikissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, kr. 8.000.00.

Það athugast, að aðaláfrýjandi er samkvæmt gögnum málsins skráður faðir barns gagnáfrýjanda í prestþjónustu-bók eftir einhliða skýrslu hennar og að aðaláfrýjanda forn-spurðum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi, M, greiða málskostnað í héraði, kr. 11.400.00, er renni til rikissjóðs, og greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Nú verður gagnáfrýjanda eiðfall, og skal hún þá greiða aðaláfrýjanda kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar í héraði, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 1. apríl, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 6/1970: K gegn M, sem tekið var til dóms 24. f. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að ..., Kópavogi, fædd 18. apríl 1952, ól hinn 29. júní 1968 meybarn, sem í skírninni hlaut nafnið B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M veitingaþjón, ... hér í borg, fæddan 10. ágúst 1944, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og höfðaði sóknaraðili því mál þetta gegn honum hinn 17. september á fyrra ári. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að varnaraðili verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða með því meðlag frá fæðingu

þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sín og tryggingariðgjald sitt fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um fyllingareið.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja í málinu, en til vara gerir hann kröfu um synjunareið. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar, þar á meðal hæfilegrar þóknunar til talsmanns síns.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að hún hafi kynnt varnaraðilja, M, um miðjan júlí 1967 fyrir milligöngu I, vinkonu sinnar. Kveðst sóknaraðili hafa komið heim til varnaraðilja í nokkur skipti og þegið þar áfengi. Aðfaranótt hins 12. september framangreint ár var sóknaraðili á dansleik annað hvort í Þórscafé eða í veitingahúsinu Glaumbæ. Þegar hún fór af dansleiknum, hitti hún varnaraðilja fyrir utan samkomuhúsið, en hann hafði einnig verið þar. Fór sóknaraðili með varnaraðilja heim til hans ásamt fleira fólki. Man hún eftir tveim mönnum, er þar voru staddir, þeim H verzlunarmanni og E söngvara. Sóknaraðili kveðst hafa verið með áfengisáhrifum, en muna þó allt, er gerðist umrædda nótt. Kveður hún varnaraðilja hafa byrjað að kyssa sig í stofunni heima hjá honum, en síðan hafi þau farið inn í herbergi hans. Eigi man sóknaraðili, hvort þau læstu að sér. Þau lögðust út af á frekar breiðan dývan, er rúmföt voru á. Afklæddist sóknaraðili að nokkru, að hana minnir, en eigi man hún, hvort hún klæddi sig sjálf úr fötunum. Kveður hún þau hafa haft samfarir þarna. Hafi verið um fullkomnar samfarir að ræða og tilraun ekki verið gerð til að hindra getnað. Sóknaraðili man ekki, hve lengi hún dvaldist í herbergi varnaraðilja. Hún varð eigi vör við mannaferðir í íbúðinni á meðan. Þegar sóknaraðili fór á brott frá varnaraðilja um kl. 0500 um morguninn, að hún telur, sá hún, að E svaf á stofugólfinu í svefnþoka eða hafði vafið um sig teppi. H sat í stól í stofunni, en eigi veit sóknaraðili, hvort hann var sofandi eða ekki. Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við varnaraðilja nema í þetta eina skipti, og kveður hún barn sitt þá getið. Sóknaraðili skýrði frá því, að hún hefði haft samfarir við karlmann um það bil 5 mánuðum, áður en hún hafði samfarir við varnaraðilja, en síðan hafi hún ekki verið við karlmann kennd. Sé því engum öðrum til að dreifa um faðernið en varnaraðilja. Eins og síðar mun rakið, var hér um að ræða L leigubifreiðarstjóra, Sóknaraðili kveðst ekki geta sagt, hvenær hún hafði síðast á klæðum, áður en hún varð ófrísk,

en tíðir hjá henni hafa verið reglulegar. Sóknaraðili var á húsmæðraskólanum á Hallormsstað veturinn, sem hún gekk með barn sitt. Kveðst hún hafa lagzt inn á spítala, eftir að hún kom aftur hingað til borgarinnar og ekki látið varnaraðilja vita um barnið fyrr en 3 mánuðum, eftir að það fæddist. Hann hafi brugðist illa við, er hún skýrði honum frá barninu, og borið því við, að hann hefði verið svo drukkinn, þegar hann var með sóknaraðilja, að hann hafi ekki getað gert hana ófríska. Þá skýrði sóknaraðili frá því, að varnaraðili hefði spurt um, hvenær þetta hefði verið. Hafði hún tilgreint 12. september, en varnaraðili þá sagt, að það væri ekki rétt, þar sem þau hefðu verið saman daginn, áður en hún fór á húsmæðraskólann.

Varnaraðili kveðst hafa þekkt sóknaraðilja, en eigi muna, hvernig þau hafi kynnt né hvenær það hafi verið. Gæti vel verið, að það hafi verið í Þórscafé. Varnaraðili kveður geta verið, að sóknaraðili hafi komið heim til sín í einhver skipti, en ekki man hann, hvenær það var, og eigi veit hann heldur fyrir víst, hvort eitthvað fór á milli þeirra. Telur varnaraðili, að hann hafi rætt við sóknaraðilja, en eigi minnst hann þess að hafa kysst hana eða sýnt henni önnur ástaratlot og telur það ólíklegt. Varnaraðili kveðst ekki muna fyrir víst, hvenær sóknaraðili kom heim til hans, en verið geti, að það hafi verið 12. september 1967. Varnaraðili bjó þá að Grettisgötu 43 A. Hann neitar því, að sóknaraðili hafi nokkurn tíma komið inn í herbergi sitt. Varnaraðili kveðst hafa verið drukkinn. Varnaraðili neitar því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við sóknaraðilja og geti hann því ekki verið faðir að barni hennar. Varnaraðili kveður sóknaraðilja hafa tilkynnt sér um áramótin 1968—1969, að hann væri faðir barnsins. Kveðst varnaraðili hafa sagt henni, að það væri ekki rétt og skyldi hún snúa sér til þess manns, sem ætti barnið. Varnaraðili kveðst ekki muna eftir því, er sóknaraðili hefur skýrt frá, að þegar hún tilkynnti honum um barnið, hafi hann spurt, hvenær þetta hefði verið, og hún þá tilgreint 12. september. Hafi hann þá sagt, að það gæti ekki verið, þar sem þau hefðu verið saman daginn, áður en hún fór á skólann á Hallormsstað.

Bæði E og H hafa mætt sem vitni í máli þessu.

Hefur vitnið E skýrt frá því, að hann hafi búið að Grettisgötu 43 A á árinu 1967, en varnaraðili er eigandi húss þessa. Vitnið kveðst minnst þess, að það sá sóknaraðilja koma að Grettisgötu 43 A í fylgd með varnaraðilja nótt eina einhvern tíma seinni

hluta árs 1967. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær þetta var, en kveður það geta verið rétt hjá sóknaraðilja, að það hafi verið 12. september. Vitnið fór að sofa í herbergi sínu, skömmu eftir að sóknaraðili kom, og veit ekki, hvenær hún fór á brott. Vitnið kveðst ekkert vita um samskipti sóknaraðilja og varnaraðilja umrædda nótt.

Vitnið H kveðst hafa búið að Grettisgötu 43 viku eða 10 daga á árinu 1967. Eigi man vitnið nákvæmlega, hvenær þetta var, en það var seinni part ársins. Vitnið minnst þess, að sóknaraðili kom nótt eina að Grettisgötu 43 A í fylgd með varnaraðilja, sem er eigandi hússins. Vitnið man ekki, hvenær þetta var, en kveður geta verið, að það hafi verið 12. september. Vitnið veit ekkert um skipti sóknaraðilja og varnaraðilja í umrætt sinn, og eigi veit það, hvenær hún fór á brott úr húsinu.

Varnaraðili hefur tilnefnt nokkra karlmenn, er haft hafi kynni af sóknaraðilja, og hefur þetta verið kannað nánar. Verður nú rakið það, er komið hefur fram um þetta.

Varnaraðili hefur skýrt frá því, að kunningi sinn, Ó, . . . , hafi skýrt sér frá því, nokkru áður en sóknaraðili kom til hans og tilkynnti honum um barnið, að hún hafi þá skömmu áður komið til Á, . . . , og kennt honum barnið. Skýrði Ó varnaraðilja frá því, að Á hefði sagt, að verið væri að kenna sér barn, sem varnaraðili væri faðir að. Kveður varnaraðili sóknaraðilja hafa komið til sín daginn eftir þetta.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því af þessu tilefni, að nefndur Á sé kunningi sinn. Hún kveðst aldrei hafa haft við hann samfarir og sé það eigi rétt, að hún hafi kennt honum barn sitt.

Á hefur mætt í dómi út af framangreindum framburði varnaraðilja. Hann kveður þau sóknaraðilja hafa þekkt s.l. 2—3 ár. Hafi hann heimsótt hana einu sinni, eftir að hún ól barn sitt, og eins muni hún hafa komið til hans. Á neitar, að um nán kynni hafi verið að ræða milli þeirra, og kveðst hann aldrei hafa haft við hana samfarir. Hann neitaði því eindregið, að sóknaraðili hefði nokkurn tíma kennt sér barn hennar, og sé það alrangt, er varnaraðili hefur skýrt frá um þetta. Hann kveðst hafa heyrt áður sögu varnaraðilja og kunningja hans um, að sóknaraðili hafi lýst hann föður að barninu. Hafi sóknaraðili skýrt sér frá henni, er hann heimsótti hana. Sóknaraðili hafi beðið sig að fara til lögfræðings hennar og skýra honum satt og rétt frá um kynni þeirra.

Þá hefur varnaraðili skýrt frá því, að D, ..., hafi fyrir um einu ári sagt sér, að hann hefði haft samfarir við sóknaraðilja, en á hvaða tíma, veit varnaraðili ekki.

D hefur mætt í dómi og skýrt frá því, að hann hafi hitt sóknaraðilja, sem hann kannaðist við, á skemmtun hér í borginni á gamlárskvöld 1968. Hafi þau farið saman á brott af skemmtuninni um nóttina heim til hans að ... og haft þar samfarir. Var eigi að sögn D gerð tilraun til að hindra getnað.

Sóknaraðili kveðst þekkja nefndan D í sjón, en ekki hafi verið um neinn kunningsskap að ræða milli þeirra. Neitar hún að hafa haft nokkurn tíma kynmök við hann. Sóknaraðili kveður það rétt, að hún hafi hitt D einhvern tíma á veitingahúsinu Glaumbæ, og gæti það hafa verið á gamlárskvöld 1968, en ekkert hafi farið á milli þeirra.

Varnaraðili kveður sér hafa verið sagt, að þegar sóknaraðili var á skóla á Hallormsstað veturinn 1967—1968, hafi hún verið í tygjum við pilt, sem fórst í bílslysi síðar um veturinn.

Í tilefni af þessum framburði varnaraðilja hefur sóknaraðili skýrt frá því, að hún hafi kynnt þremur piltum, er hún var á skólanum á Hallormsstað framangreindan vetur. Piltar þessir fórust í bílslysi um það bil mánuði síðar. Sóknaraðili neitar því, að um nán kynni hafi verið að ræða milli sín og neins af piltum þessum. Kveður sóknaraðili skólastýrunni á Hallormsstað hafa verið um það kunnugt, að hún var ófrísk. Kveðst sóknaraðili aðeins einu sinni hafa farið á dansleik þennan vetur, en þegar dansleikir voru haldnir, hafi venjulega ein af skólasysturum hennar verið heima með henni. Í það skipti, sem sóknaraðili fór á dansleik, hafi kennari verið með til eftirlits og strax verið farið heim og dansleiknum var lokið.

L, er að framan greinir, hefur mætt í dómi. Kveðst hann einu sinni hafa haft samfarir við sóknaraðilja, og var eigi tilraun gerð af þeirra hálfu til að hindra getnað. Eigi er hann öruggur um, hvenær þetta var, en telur það hafa gerzt í ársbyrjun annað hvort 1967 eða 1968. Kveðst hann eigi hafa haft samfarir við sóknaraðilja í annan tíma. Eigi man hann, hvenær hann kynntist sóknaraðilja, en um áframhaldandi kunningsskap hefur ekki verið að ræða milli þeirra.

Við samprófun við L skýrði sóknaraðili frá því, að hún hafi farið til Reykjavíkur í jólafrí, á meðan hún var í skólanum á Hallormsstað veturinn 1967—1968. Stóð jólafríið frá 16. desember til 7. janúar. Sóknaraðili kveður sig minna við nánari athugun,

að hún hafi haft samfarir við L einhvern tíma á tímabilinu frá janúar til marz 1967. Nánar man hún ekki um þetta. Þó var það ekki í apríl, en þá átti hún afmæli, heldur fyrir þann tíma. Sóknaraðili kveður þetta ekki getað hafa verið veturinn 1967—1968, er hún kom til Reykjavíkur í jólafrí. Sóknaraðili kveður það rétt hjá L, að þau hafi eigi gert tilraun til að hindra getnað, er þau höfðu samfarir.

Blóðflokkarannsókn, sem gerð var á aðiljum máls þessa og barninu, samrýmist því, að varnaraðili geti verið faðir þess, en niðurstaða hennar varð sem hér segir:

	ABO	MNSs	Rh						Kell	Fy	P ₁	Hp
			C	D	E	c	e	Cw	K k	a b		
Sóknaraðili	0	Nss	÷	÷	+	+	+	÷	÷	÷	+	2-1
B	0	MNSs	÷	+	+	+	+	÷	÷	+	+	2-2
Varnaraðili	0	MNSs	+	+	+	+	+	÷	÷	+	+	2-2

Samkvæmt vottorði frá fæðingardeild Landspítalans var barn sóknaraðilja við fæðingu 3.630 gr. að þyngd og 51 cm að lengd.

Í vottorðinu segir, að sóknaraðili hafi ekki gefið upp nafn barnsföður. Var hún nánar innt eftir því fyrir dómi, hvernig á þessu stæði. Sagði hún það rétt, að hún hefði verið um þetta spurð, en vegna feimni ekki svarað til um þetta strax. Þá hafi starfsstúlka sú eða ljósmóðir, er spurði hana, sagt henni, að ekki væri nauðsynlegt, að hún gæfi þetta upp. Mundi nægja, að hún gerði það, er barnið væri skírt. Sóknaraðili kveðst hafa gert það. sbr. vottorð sóknarprests, er lagt hefur verið fram í málinu.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um hugsanlegan getnaðartíma barns sóknaraðilja. Segir svo í álitssgerð hans, dags. 17. desember s.l.:

„Af vottorði ljósmóður, dags. 5. þ. m., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 21. september til 13. október 1967.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 5. ágúst til 27. nóvember 1967. Samkvæmt sömu töflum eru 816% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 2. september til 6. október sama ár“.

Var sóknaraðilja kynnt álitssgerð þessi. Neitaði hún sem áður

að hafa haft samfarir við nokkurn annan karlmann en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barns hennar frá 5. ágúst til 27. nóvember 1967.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðili hefur alltaf staðhæft við yfirheyrslur, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barns hennar, og hefur ekkert komið fram í málinu, er hnekki því. Þegar virtur er framburður varnaraðilja um, að sóknaraðili hafi komið heim til hans að næturlagi og að verið geti, að það hafi verið 12. september 1967, en 816% líkur eru samkvæmt vottorði borgarlæknis, að barnið sé getið á tímabilinu frá 2. september til 6. október sama ár, svo og þegar niðurstaða blóðflokkanannsóknar er virt og annað, sem fram er komið í máli þessu, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri. Ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 5. ágúst til 27. nóvember 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, en eigi aðra karlmenn, skuli hann teljast faðir meybarns þess, er hún ól hinn 29. júní 1968 og skírt var B, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar vegna máls þessa kr. 3.400.00. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða í málskostnað kr. 11.300.00, er renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar, en málskostnaður skal niður falla.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 5. ágúst til 27. nóvember 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja,

M, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast faðir meybarns þess, er sóknaraðili ól hinn 29. júní 1968 og skírt var B, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 11.400.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudagur 30. október 1970.

Nr. 83/1970. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)

gegn

Kristjáni Fjeldsted (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 19. maí 1969 var tekin fyrir í fógetadómi Reykja-